



Akureyrarbær
Umhverfismiðstöð

Malbikunarstöð Akureyrarbæjar

við Súluveg
Akureyri

Skýrsla um
grænt bókhald
fyrir árið 2024

Akureyri, 29.04.2025

Efnisyfirlit

Yfirlýsing stjórnanda	2
Almennar upplýsingar	3
Hráefnis- og auðlindanotkun	4

Yfirlýsing stjórnanda

Hér birtist skýrsla um grænt bókhald fyrir starfsemi Malbikunarstöðvar Akureyrar á árinu 2024, sbr. reglugerð nr. 851/2002. Starfsemi stöðvarinnar felst í framleiðslu malbiks til notkunar á götur, vegi, gangstéttar, bílastæði o.fl. Grunnefni til framleiðslunnar eru aðallega íslensk steinefni og innflutt asphalt, en einnig eru notuð innflutt steinefni að hluta.

Akureyri, 29.04.2025

Almennar upplýsingar

Malbikunarstöðin er hluti af Umhverfismiðstöð Akureyrarbæjar og rekin undir yfirstjórn Umhverfis- og mannvirkjasviðs Akureyrarbæjar.

Forstöðumaður Umhverfismiðstöðvar og rekstrardeildar er Dóra Sif Sigtryggisdóttir og sviðsstjóri Umhverfis- og mannvirkjasviðs er Guðríður Erla Friðriksdóttir.

Starfsleyfi

Malbikunarstöðin starfar skv. starfsleyfi sem gefið var út 25. janúar 2017 og skal það endurskoðast á fjögurra ára fresti sbr. 20. gr. reglugerðar nr.785/1999.

Starfsleyfishafi er Akureyrarbær, Geislagötu 9, 600 Akureyri.

Eftirlit með starfseminni er í höndum Umhverfisstofnunar.

Númer fyrirtækjaflokks, sbr. fylgiskjal með reglugerð um grænt bókhald, er 6.11.

Afmörkun starfseminnar

Staðsetning

Malbikunarstöðin er staðsett við Súluveg á Akureyri.

Stærð fyrirtækisins og athafnasvæði þess

Athafnasvæði malbikunarstöðvarinnar er um 1 hektari að stærð og er í um 147–148 m hæð yfir sjávarmáli. Daggeymir fyrir asfalt við stöðina var endurnýjaður árið 2006 og er nú einn 50 tonna upphitaður geymir.

Reist voru tvö síló fyrir geymslu á malbiki við stöðina árið 2009. Á athafnasvæðinu er starfsmannahús og litlar geymslur. Einnig tilheyrir starfseminni 1.400 tonna löndunargeymir fyrir asfalt og er hann staðsettur á hafnarkanti við Skipatanga.

Hráefna- og auðlindanotkun

Malbiksframleiðsla á árinu 2024 var samtals 7.918 tonn, en árið 2023 var framleiðslan 6.581 tonn. Malbikið er að meðaltali 94,15 % steinefni og 5,85 % asfalt. Við framleiðsluna 2024 voru því notuð um 7.455 tonn af steinefnum og um 463 tonn af asfalti. Steinefnin eru að mestum hluta unnin úr klöpp á Moldhaugahálsi.

Malbikunarstöð

Olíunotkun

Til þurrkunnar og upphitunar steinefna hefur verið notuð skipaolía.

Heildarmagn skipaolíu á árinu 2024 var 81.411 lítrar eða um 10,2 lítrar af olíu á hvert framleitt tonn af malbiki.

Raforkunotkun

Malbikunarstöðin er rafmagnsdrifin og einnig er rafmagn notað til að halda asfalti heitu.

Raforkunotkun á árinu 2024 var samtals 185.964 kwst eða 23,5 kwst. á framleitt tonn af malbiki.

Asfaltgeymir

Raforkunotkun

Til að halda asfalti heitu í löndunargeymi er notuð raforka.

Raforkunotkun á árinu 2024 varð samtals 74.272 kwst. eða 281 kwst. á hvert tonn af asfalti sem fór í gegnum löndunargeyminn.

Útblástursloft

Samkvæmt starfsleyfi grein 3.2 skal mæla ryk í útblásturslofti að minnsta kosti einu sinni á ári og má það ekki vera meira en 50 mg/Nm³ skv. grein 2.1 í starfsleyfi.

Mæling ryks fór fram 12. september 2024 og reyndist heildarryk úr beinni mælingu frá brennslunni vera um 20,82 mg/Nm³ að meðaltali. Sé mæligildið umreiknað miðað við 17 % súrefni var niðurstaðan 28,71 mg/Nm³. Meðalhraði útblásturs var 23,7 m/sek.